

1. Fundur - 14. október 2008

Fundur var haldinn í Hátíðarsal kl. 14.00.

Fyrsti fundur nýs foreldrafélags. Stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2008 – 2009 er eftirfarandi:

Anna Raket Ólafsdóttir	Mamma Clöru Hrannar Formaður
Álfheiður Ágústdóttir	Mamma Elísabetar Maríu og Guðmundar Más
Brynja Baldursdóttir	Mamma Einars Magna og Arnars Pálma
Brynja Kristinsdóttir	Mamma Ingibjargar
Hafdís Heiða Hall	Mamma Natalíu Guðrúnar
Ingvar Christiansen	Pabbi Charlottu
Kristín Einarsdóttir	Mamma Hrannars Gauta
Sveinn Gíslason	Pabbi Sunnu Brynhildar

Kosið var í stöður foreldrafélagsins og voru ákveðnar eftirfarandi stöður:

Formaður: Anna Raket Ólafsdóttir

Gjaldkeri: Tinna Ösp Skúladóttir

Ritari: Brynja Baldursdóttir

Brynja Kristjánsdóttir er jafnframt fulltrúi leikskólans.

Sjónarhólssamtökin hafa beðið um að fá að halda fyrirlestur fyrir foreldra leikskólabarna. Sökum fámennis hér á Bifröst væri hentugast að halda fyrirlesturinn í samstarfi við Varmalandsskóla þar sem að annars er hætta á að fáir mæti. Anna Raket ætlar að hafa samband við samtökin, sem og Varmalandsskóla.

Rætt var um gjald vegna foreldrafélagsins. Gjaldið í dag er 400 kr. per barn. Ákveðið var að hækka gjöldin um 200 kr. frá því í fyrra þannig að skólagjöldin í ár eru 600 kr. per barn. Spurning er með systkinaafslátt þar sem margir eru með 2 – 3 börn á leikskólanum. Sendur verður póstur á foreldra til að kynna þetta.

Rætt var um að fá lögregluna til að koma í leikskólann með umferðafræðslu fyrir börnin. Hafdís ætlar að ræða við Öldu Baldursdóttur, lögreglukonu, um það hvort að hún geti verið með fræðsluna.

Presturinn í Stafholtskirkju, séra Elínborg Sturludóttir, hefur haft samband við foreldrafélagið og langar að hafa kirkjuskóla hér á Bifröst. Möguleiki er að hafa hann hér um helgar t.d. í Kringlunni. Álfheiður talar við Elínborgu.

Farið var yfir árlega atburði foreldrafélagsins og rætt hvað foreldrafélagið hefði áhuga á að gera fyrir börnin í vetur. Árlegir atburðir eru eftirfarandi:

- Skólamyndir
- Jóltrésdagurinn
- Jólagjafir
- Sveitaferð
- Danskennsla eða önnur íþróttakennsla
- Foreldraheimsóknir
- Ýmsir fyrirlestrar
- Jólaleikrit
- Sögustundir

Næsti fundur var ekki ákveðinn

Fundur foreldrafélagsins 2. maí 2008.

Rædd fjárhagsstaða félagsins. Allt í góðum málum þar.

Sumarhátíðar 14. maí.

Ákveðið að reyna að fá Skoppu og Skrítlu á sumarhátíðina, þarf að kanna betur hvað þær kosta.

Álfheiður ætlar að tékka í rúmfatalagernum hvort þar sé hægt að finna sniðuga sumargjöf til að gefa þeim á sumarhátíðinni, t.d. sápuskúlur.

Skoppa og Skríttla komi kl. 13.30

Grillveisla byrji kl. 14.30

Lautarferð verði farin einhverja helgi í júní. Skipulagt nánar síðar.

Rætt um hækkun gjalds í foreldrafélagið, verður tekin ákvörðun síðar þannig að hækkun taki gildi í haust.

Spurt um buffin, þau eru í höndunum á Margréti Pálu.

Mættar: Álfheiður, Anna María, Hafdís, Kristín og Kristín María.

4. Fundur 2008

Fundur var haldinn í Kringlu, 3. mars 2008

Mættar voru: Anna Rakef, Álfheiður, Edda, Hafdís, Kristín María, Kristín Einars

Frá Hraunborg: Bára

Rætt var hvort að hækka ætti félagsgjöld foreldrafélagsins úr 400 kr. í 600 kr. og það samþykkt. Gert er ráð fyrir að hækkunin verði frá og með næsta hausti.

Greiðslur til foreldrafélagsins koma ekki nógu reglulega. Félagsgjöld eru rukkuð með leikskólagjöldum en foreldrar eiga það til að greiða ekki nógu oft. Ræða þarf við endurskoðanda sem sér um þetta og búa til fjárhagsáætlun.

Ákveðið var að Sveitaferðin verði haldin á Bjarneyrarsandi þann 5. maí. Þetta er þó ekki nógu henntug dagsetning sökum prófa og málsvarna misserisverkefna foreldra. Anna Rakel ætlar að athuga hvort að ekki sé laust t.d. 29. eða 29. apríl og bóka þá þann dag í staðin.

Verðið fyrir sveitaferðina eru 400 kr. á mann – líka foreldra. Anna Rakel ætlar að athuga með rútur (þarf 2 rútur). Einnig þarf að semja miða með upplýsingum um ferðina (til að setja í hólfi barnanna) og setja upp miða á hvern kjarna og láta foreldra merkja við hversu margir fylgi hverju barni (foreldrar og systkini).

Ákveðið var að hafa fjölskyldumorgna síðasta laugardag hvers mánaðar – í staðin fyrir miðvikudagsmorgunfundina. Fyrsti fjölskyldumorguninn verður í mars.

Mörg börn eru að hætta eftir sumarið og rætt var um að hafa opinn dag eða útskriftarball/dag til að kveðja þau börn sem munu hætta í sumar. Útskriftin ákveðin um miðjan maí.

Í júní er stefnt að því að fara í lautarferð í Paradísarlaut. Þetta verður ákveðið og látið vita með stuttum fyrirvara þar sem að taka verður mið af veðri og vindum.

Fjölskylduhátíðin verður haldin í ágúst í ár, en ekki í júní eins og tíðkast hefur.

Hjallastefnubuff. Guðrún á Hjalla er í sambandi við þann aðila sem er að hanna og sjá um buffin. Bára ætlar að athuga hvort að þau verði tilbúin fyrir útskrift.

Álfheiður og Anna Rakel ætla að semja bréf til foreldra vegna aukins samstarfs. Bréf þetta verður einskönar fréttabréf foreldrafélags Hraunborgar þar sem listað verður það sem foreldrafélagið er að gera og hvað það stefnir að í nánustu framtíð.

Ljósmyndirnar eru komnar frá Gunna og stefnt er að því að koma þeim út í þessarri viku. Hafdís og Kristín María ætla að vera að selja ljósmyndir á þriðjudag kl. 10 – 12 og ef þarf verða Anna Rakel og Álfheiður einnig að selja ljósmyndir á fimmtudaginn á sama tíma.

2. Fundur 2008

Fundur var haldinn í Himnaríki, 4. febrúar 2008

Mættar voru: Anna Rakel, Álfheiður, Hafdís, Kristín María og Kristín Einars

Frá Hraunborg: Bára

Staða á reikningi eru sléttar 150.000 kr.

Jóhanna hefur hætt í foreldrafélagi Hraunborgar sökum anna í skólstarfi.

Á miðvikudaginn, 6. febrúar er Öskudagurinn og jafnframt opið hús á Hraunborg. Nemendafélag Háskólans á Bifröst stendur fyrir því að Íþróttarálfurinn kemur og skemmtir krökkum í Hátíðarsal kl. 16.00. Tímasetning Opna dagsins hefur því verið færð um 1klst. og verður því kl. 14.00 – 16.00 til að gefa börnum færi á að fara með foreldrum sínum að sjá Íþróttarálfinn.

Enn hefur ekki gengið að fá danskennslu. Álfheiður ætlar að tala við konu á Akranesi og athuga hvort hún hafi tíma til að koma í mars.

Bára talaði við Áspór um verð á fyrirlestri og hann talaði um að taka 30.000 kr. fyrir að koma og halda fyrirlestur á Bifröst. Edda ætlar jafnframt að athuga hvað verð Hugo tekur fyrir svipaðan fyrirlestur.

Sveitaferðin er sett fyrstu vikuna í maí. Brynja ætlar að athuga hvort að laust sé á Grjóteyri og hvað það kostar. Jafnframt kemur nú annar staður, Bjarteyjarsandur, til greina. Þeir bjóða upp á bæði týpíska sveitaferð sem og fjöruferð sem okkur finnst mjög spennandi fyrir börnin á Hraunborg (engin fjara nálægt okkur). Anna Rakel ætlar að athuga með verð og laust pláss hjá þeim. www.bjartey.is

Í febrúar verður fundur formanna foreldrafélaga Hjallastefnunnar. Álfheiður mætir þangað sem fulltrúi foreldrafélags Hraunborgar.

1. Fundur 2008

Fundur var haldinn í Kringlu, 9. janúar 2008

Mættar voru: Anna Rakel, Álfheiður, Brynja, Edda og Kristín Einars

Frá Hraunborg: Anna María og Bára

Staða á reikningi foreldrafélagsins eru sléttar 150.000 kr.

Rætt var um ný lög um leikskóla. Okkur fundust löggin vera góð en höfðum þó eftirfarandi athugasemd varðandi foreldraráð;

Foreldraráð á að samanstanda af einum fulltrúa úr hverjum kjarna og það á að vinna með leikskólanum að málefnum er varðar leikskólan sjálfan, s.s. breytingu á leikskólanum, starfsemi kjarnanna, dagskrár oþh.

Þar sem að Hraunborg er mjög lítill leikskóli og í foreldrafélaginu eru nú þegar foreldrar barna úr hverjum kjarna, fannst okkur sérkosið foreldraráð óþarft. Þetta mál verður tekið upp aftur seinna.

Rætt var um verðið á leikritinu. Einhverjum hafði fundist 30.000 kr. vera of hátt verð en eftir umræðu og viðmiðun við samskonar aðkeyptar leiksýningar komumst við að þeirri niðurstöðu að verð þetta væri sanngjarnt verð.

Staðfest var að Gunní ljósmyndari kemur 23. Janúar og tekur leikskólamyndir. Foreldrafélagið þarf ekki að greiða fyrir þessa þjónustu, en greiðslan kemur fram í verði myndanna.

Rætt var um sveitaferðina og ákveðið var að fara á nýjan stað í ár. Verðið verður þá líklega hærra í þetta skiptið þar sem að sveitaferðin hefur hingað til verið ókeypis.

Anna Rakel ætlar að athuga með stað þar sem frumgreinadeildin fór í fyrra og hvort að möguleiki sé að fara þangað aftur. Bára ætlar jafnframt að athuga með Hvanneyri og Brynja ætlar að athuga með Grjóteyri. Ákveðið var að miða tímasetninguna við mánaðamótin apríl/maí, eða í kringum sauðburð, en óvíst að það sé hægt sökum röskunar við hann. Hugmynd er að gera eitthvað meira úr deginum, t.d. að grilla, fara í leiki og þess háttar.

Anna María hefur nú rætt við Áspór um fyrirlestur og hann bíður eftir að heyra frá okkur til að ákveða dagsetningu, staðsetningu o.fl.

Ákveðið er að við ætlum að hafa danskennsluna, Jóhanna er að vinna í því en hún er ekki á fundinum í dag. Anna Rakel ætlar að komast að því hversu Jóhanna er komin í þessu.

Upp kom hugmynd um að halda öskudagsball í staðin fyrir jólaballið sem klúðraðist. Öskudagur í ár er 6. febrúar, en það er jafnframt „dagur leikskólanna“. Þann dag verður opið hús á vegum leikskólans og ákveðið var að slá honum saman við öskudagsballið og hafa allsherjar opinn öskuballs dag. Börnin fá þá að koma í grímubúningum í leikskólann, en ballið verður haldið fyrripart dagsins og opna húsið á eftir því, eða kl. 15.00 – 17.00

Að lokum var rætt um miðvikudags-morgunfundina. Þó svo að allir meðlimir foreldrafélagsins séu sammála um hversu skemmtilegir þessir litlu fundir séu, eiga sum börnin erfitt með þá. Ákveðið var að leyfa starfsmönnum að ákveða með framhald fundanna á starfsmannafundi Hraunborgar þann 22. janúar.

Fundur var haldinn í Kringlu kl. 13.30 Mættar voru: Anna Rakel, Álfheiður, Brynja, Edda, Hafdís, Kristín María & Kristín Einarsdóttir Frá Hraunborg: Anna María

Pálmi Gunnlaugur og Maggi hafa í dag sagt sig úr foreldrafélaginu sökum anna í vinnu. Jóhanna sagði jafnframt af sér ritarastöðu. Því er nýr formaður Álfheiður (mamma Elísabetar Maríu) og nýr ritari Anna Rakel (mamma Clöru Hrannar).

Ýmsar dagsetningar voru ákveðnar og eru þær eftirfarandi:

☒ 16. Nóvember – Dagur Íslenskrar Tungu haldinn hátíðlegur í Hátíðarsal

☒ 24. Nóvember – jólatré verður sótt og skreytt á leikskólanum

☒ 28. Nóvember – fara með undirskriftarlista á Bæjarskrifstofu Borgarfjarðar

☒ 14. Desember – jólafundur leikskólans. Börnin fá þá jólagjafir (bók) frá foreldrafélaginu

☒ 15. Desember – jólaball leikskólans og foreldrafélagsins

Opnun Samkaupa var flýtt um viku og því ekki hægt að sameina það við Dag Íslenskrar Tungu. Samt sem áður sungu börnin við opnunina og tókst vel til. Ákveðið var að halda skuli upp á Dag Íslenskrar Tungu í Hátíðarsal Háskólans á Bifröst og þá muni börnin koma þangað kl. 14.00 og syngja nokkur lög og horfa síðan á stuttmyndina „Itla Lirfan Ljóta“ eftir sönginn og fá popp og svala með. Kristín María ætlar að koma með myndina og Anna Rakel ætlar að redda poppi og svala. Hugsanlegt er að börn frá Varmalandsskóla verði með, en það er ennþá óvíst.

Álfheiður tók að sér að hafa samband við skóræktina og fá tilboð vegna jólatrjáanna. Það þarf að fá fimm jólatré í heildina, þ.e. eitt lítið tré á hverja deild og svo eitt „tört“ fyrir jólaballið. Jóhanna ætlar jafnframt að kaupa föndurdót til að börnin geti útbúið jólaskrautið sem á að fara á jólatrén og jólagjafapappír fyrir jólagjafir foreldrafélagsins.

Berglind er búin að fá tilboð í bækur og kom með lista af bókum sem er búin að skipta niður eftir aldri. Þetta munu vera jólagjafir foreldrafélagsins til barnanna. Kaupa þarf 61 bók en eftir er að finna aldursskiptingu og ákveða hvaða bækur skal kaupa fyrir hvern aldursflokk.

Jólaballið verður haldið 15. Desember og Brynja er að skipuleggja það. Það á eftir að finna einhverja til að leika jólasveina og gefa börnunum epli eða mandarínur. Foreldrum barnanna og systkinum

verður boðið á jólaballið og viljum við að foreldrar komi allir með eitthvað að narta í, þ.e.a.s. kökur, osta, vínber ... það skiptir litlu máli svo framarlega sem að eitthvað komi frá hverju heimili. Jólaskrautið sem að börnin föndra verður svo notað til að skreyta salinn fyrir jólaballið. Anna Rakel ætlar að tala við Magga í samkaupum til að athuga hvort að hann geti sponað epli eða mandarínur fyrir jólaballið.

Ákveðið er að starfsmenn leikskólans muni sjá um jólaleikritið í ár og safna þannig pening fyrir námsferð starfsmannanna. Jólaleikritið verður sýnt á jólaballinu þann 15. Desember.

Kristín María ætlar svo í þessari viku að taka myndir af göllunum á leikskólanum og leikskólalóðinni. Þessar myndir munu svo fylgja undirskrifatarlistanum sem farið verður með uppá bæjarskrifstofu Borgarfjarðar eftir tvær vikur.

Síðast en ekki síst er Anna María búin að tala við Áspór og hann er tilbúinn til að koma og halda fyrirlestur fyrir foreldra. Anna Rakel ætlar að hringja í hann.

Næstu tvær vikur eru próf í Háskólanum á Bifröst og endanleg dagsetning næsta fundar var því ekki ákveðin. Stefnt er að næsta fundi beint eftir prófin.

4. Fundur – 30. Október 2007

Fundur var haldinn í Kringlu kl. 13.30.

Anna María frá Hraunborg mætti á þennan fund og ákveðið var að aðili frá Hraunborg myndi mæta á alla fundi hér eftir. Hún kom með lista yfir hluti sem að foreldrafélagið stóð fyrir í fyrra auk hugmyndalista með hugmyndum um hluti sem hægt væri að gera á þessu ári. Hugmyndirnar voru eftirfarandi:

1. Jógakennsla starfsmanna. Kenna starfsmönnum svo að þeir geti kennt börnunum
2. Stuðningur (t.d. undirskriftir) til að hvetja til þess að húsnæði skólans, lóð og umhverfi verði algjörlega endurnýjað.
3. Danskennsla
4. Dagur íslenskrar tungu – samvinna við Varmalandsskóla?

5. Tónlistarviðburðir. Fá óvænta heimskókn á föstudagssöngfund.
6. Skipulagðar foreldraheimsóknir. Þar sem að foreldrar taka þátt í starfi með börnunum t.d. í hópastarfi eða á valfundum.
7. Fyrirlestur frá góðum uppeldislegum ráðgjafa
8. Herdís Storgaard
9. Umferðaröryggi á Bifröst
10. Efling samskipta foreldra utan skólatíma. Ath. Hugsanlegt álag vegna langs vinnutíma foreldra og samvinna um að skipuleggja skólastarf á Bifröst útfrá því að nemendur eru margir. Gera Bifröst að raunverulega barnvænum stað.
11. Jólaleikritið. Að starfsmenn leiki jólaleikritið til fjáröflunar námsferðar starfsmanna. Leikritið "Jól í Bláfelli" er til. Boðskapur um að skilja ekki útundan.
12. Foreldrakaffi – morgunkaffi.
13. Jákvæðni og samstarf milli heimilis og skóla – við erum bandamenn.

Fundarmenn skoðuðu listann og leist mjög vel á þónokkur atriði og ákveðið var eftirfarandi:

Að foreldrakaffi yrði haldið alla miðvikudagsmorgna og skipt þá niður eftir deildum. Þ.e.a.s. hver deild haldi foreldrakaffi einu sinni í mánuði.

Að haldið yrði „námskeið í börnum“ þ.e.a.s. að uppeldisfræðingur eða annar góður uppeldislegur ráðgjafi myndi halda fyrirlestur fyrir foreldra. Ákveðið var að Anna María myndi athuga með Áspór

Að samvinna Dag Íslenskrar Tungu með opnun nýrrar Samkaupsveslunar á Bifröst. Þ.e.a.s. að börnin fái að syngja nokkur lög við opnunina. Eftir það myndu þau svo fara inn í Hriflu (Anna María er búin að fá Hriflu þennan dag) og horfa þar á einhverja íslenska mynd og fá hugsanlega popp og svala.

Ákveðið var að jólaundirbúningurinn myndi byrja fyrr en vanalega þetta árið, eða síðustu vikuna í nóvember. Þetta var ákveðið til þess að þegar að jólatrén væru síðan sótt í skóræktina væri jólaskraut barnanna tilbúið. Þá var einnig ákveðið að piparkökur yrðu bakaðar og málaðar í vikunni

áður en jólatrén yrðu sótt svo að hægt væri að bjóða foreldrum og aðstandendum upp á piparkökur á meðan að trén væru skreytt.

Í sambandi við leikritið „obbosí“ var ákveðið að biðja Kristjönu um að tala beint við Önnu Maríu svo að hægt væri að sýna leikritið á leikskólatíma. Mikið er um að foreldrar í námi á Bifröst fari til Reykjavíkur um helgar og því ekki hægt að nota þær mikið fyrir starfsemi foreldrafélagsins.

Einnig kom tillagan af því að kaupa buff fyrir börnin sem væru þá merkt leikskólanum Hraunborg.

Síðast en ekki síst kom Anna María með tillögu að lögum foreldrafélagsins á Hraunborg. Ákveðið var að Álfheiður, Kristín María og Kristín Einars myndu skoða þau og semja ný lög fyrir foreldrafélagið, sem og að þær myndu útbúa undirskriftarlista til að hvetja til þess að húsnæði skólans, lóð og umhverfi verði algjörlega endurnýjað. Þennan undirskriftarlista verður svo farið með í fjölmenni upp á bæjarskrifstofu Borgarfjarðar eins fljótt og auðið er.

Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn 13. Nóvember.

1. Fundur – 2. Október 2007

Fundur var haldinn á Kaffihúsi Bifrastar kl. 21.00

Fyrsti fundur nýs foreldrafélags. Ákveðið var að Pálmi (pabbi Clöru Hrannar) yrði formaður, Edda (mamma Gylfa Rúnars) yrði gjaldkeri og Jóhanna (mamma Andreu Thelmu) yrði ritari.

Meðlimir foreldrafélagsins eru eftirfarandi: Anna Rakel (mamma Clöru Hrannar) Álfheiður (mamma Elísabetar Maríu og Guðmundar Más) Berglind (mamma Gísla og Ragnars Leó) Brynja (mamma Heklu Sólar) Edda mamma (Gylfa Rúnars) Hafdís (mamma Natalíu Guðrúnar) Jóhanna (mamma Andreu Thelmu) Kristín Einarsdóttir (mamma Hrannars Gauta) Kristín María (mamma Arnórs Péturs) Magnús (pabbi Elfu Daggar) Pálmi (pabbi Clöru Hrannar)

Rætt var hvað foreldrafélagið hefði áhuga á að gera fyrir börnin þennan vetur og eftirfarandi var ákveðið:

☑ Skólamyndir – Gunní ljósmyndari kemur og tekur myndir af börnunum þann 28. Janúar 2008

☑ Jólaballið – undirbúa þarf jólaballið, tala við leikskólann, tala við Öldu útaf húsnæði, redda jólasveinum og redda jólagjöfum (Brynja og Hafdís taka þetta að sér)

☒ Sögustund í Landnámssetrinu – upp kom hugmyndin að fara með börnin í Landnámssetur Íslands í Borgarnesi og hlusta þar á Egilssögu yfir vöflum og kakói (Pálmi tekur þetta að sér)

☒ Fyrirlesarar – Kristín tók að sér að skoða hvaða fyrirlesarar gætu komið í leikskólan og haldið fyrirlestra fyrir bæði börn og foreldra.

☒ Dans/Fótbolti – Upp kom hugmyndin um að fá danskennara í leikskólann sem og fótboltakennslu (Jóhanna tekur það að sér)

☒ Krakkar elda mat fyrir foreldra – þetta var hugmynd um að krakkar og foreldrar myndu elda saman eitthvert kvöldið og fá þá að elda í kaffihússeldhúsinu og borða svo saman eftir það. Við ætlum að reyna að hafa þetta í október (Pálmi tekur þetta að sér)

Álfheiður tók einnig að sér að fá upplýsingar um starf foreldrafélaga frá foreldrafélagi leikskólans á Akranesi.

Ákveðið var að næsti fundur yrði þriðjudaginn 16. Október kl. 12.00